

## REGLUGERÐ

### um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2012.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf). Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

##### 2. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

##### 3. gr.

Heimilt er að framselja úthlutaða aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Ákvæði 11. gr. og 5. og 7. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð.

Heimilt er Fiskistofu að afturkalla fyrirvaralaust leyfi skipa til veiða, stundi þau veiðar úr öðrum stofnum en leyfið miðast við.

##### 4. gr.

Skipstjóri skips skal tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Skipstjóri skal halda skrá yfir lestarrými skipsins þar sem fram kemur hvar tegundir eru geymdar og magn hverrar tegundar í kílóum talið. Afla veiddum á NAFO svæðinu skal haldið skýrt aðgreindum frá öðrum afla með skilrúmi úr plasti, krossviði eða neti. Skrá yfir lestarrými skipsins skal uppfærð daglega fyrir undangenginn dag talið frá miðnætti. Skrána skal geyma um borð í skipinu þar til öllum afla hefur verið landað.

Afla sömu tegundar má geyma á fleiri en einum stað í lestinni, en upplýsingar um hvar hann er staðsettur skulu koma fram á skrá yfir lestarrými skipsins.

Á meðan skip er á samningssvæðinu skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni daglega um afla, tilgreindan í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum. Á sama hátt skal tilkynna um undirmálsafla nýti útgerð skips sér undanþágu vegna eftirlitsmanns um borð sbr. 1. mgr. 6. gr.

Þegar skip yfirgefur samningssvæðið skal skipstjóri þess tilkynna Eftirlitsstöðinni það með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu frá síðustu aflatilkynningu auk heildarmagns um borð sem er samtala af þeim afla sem kann að hafa verið um borð

þegar veiðar hófust, allur afli sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu að frádregnu því sem kann að hafa verið umskipað. Ennfremur skal koma fram væntanleg löndunarhöfn og áætlaður komutími til hafnar. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það erstatt á samningssvæðinu skal skipstjóri þess tilkynna það Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins auk áætlaðrar staðsetningar, kallmerki beggja skipanna og tíma þar sem umskipun mun fara fram svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum. Hafi skip tekið við afla af öðru skipi á samningssvæði NAFO, skal senda sérstaka tilkynningu a.m.k. 24 klst. áður en komið er til hafnar þar sem fram kemur nafn og land löndunarhafnar, áætlaður komutími og sundurliðað magn þess afla sem á að landa auk sundurliðunar á heildarafla. Óheimilt er að skipa um borð í íslensk fiskiskip hvers konar afla af samningssvæðinu sem veiddur er af skipum er sigla undir fána ríkis sem ekki er aðili að NAFO.

Ofangreindar upplýsingar skal skrá á rafrænt eyðublað sem Eftirlitsstöðin leggur til og senda í gegnum fjarskiptabúnað skipsins. Að lokinni umskipun skal Fiskistofu sent ígildi vigtarnótu. Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. málslíð 2. gr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar og tilkynna áður en skip fer af einu deilisvæði til annars.

Um innihald skeyta sem fjallað er um í þessari grein er vísað til reglna sem NAFO setur.

#### 5. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrta sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi sem uppfyllir kröfur NAFO og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Um búnað og notkun stiga og annarra áhalda sem fjallað er um í þessari grein er vísað til reglna sem NAFO setur.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að reglur NAFO séu ekki brotnar. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

#### 6. gr.

Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. málslíð 1. ml. enda séu eftirlitsmenn um borð í a.m.k. 25% íslenskra skipa sem stunda veiðar á samningssvæðinu. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til veiða á samningssvæðinu án eftirlitsmanns um borð án skriflegrar heimildar Fiskistofu þar að lútandi.

Útgerð skips skal greiða eftirlitskostnað sem nemur 25% af fjárhæð gjalds skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, fyrir hvern dag sem skipið stundar veiðar á samningssvæðinu, án tillits til hvort eftirlitsmaður sé um borð eða ekki. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

#### 7. gr.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar. Einnig skulu skipstjórar skrá upplýsingar í veiðidagbók NAFO og skal að lokinni veiðiferð afhenda Fiskistofu afrit af færslum fyrir viðkomandi veiðiferð (eyðublað b).

Alla hákarla sem koma um borð skal reyna að tegundargreina með nákvæmum hætti og skrá þannig í afladagbók. Reynist ekki unnt að tegundargreina hákarl þá skal hann færður til afladagbókar sem „stór hákarl“ undir tegundarkóðunum „SHX“ eða sem „háfiskur“ undir tegundarkóðanum „DGX“.

## 8. gr.

1. Meðafli um borð.
  - a) Meðafli í hverri tegund má að hámarki verða 2.500 kg eða 10%, hvort heldur er hærra, fyrir hverja tegund í viðauka 1 við NAFO reglurnar eða af tegundum sem ekki hefur verið settur kvóti fyrir. Hins vegar má meðafli í þorski á deilissvæði 3M og karfa á deilissvæðissvæði 3LN að hámarki verða 1.250 kg eða 5%, hvort heldur er hærra af hvorri tegund.
  - b) Þegar lokað hefur verið fyrir veiðar, eða þegar kvóti sem úthlutað er til annarra ríkja hefur verið nýttur að fullu má meðafli í þeirri tegund ekki verða meiri en 1.250 kg eða 5%
  - c) Þegar hundraðshlutfall meðafla samkvæmt a- og b-lið er reiknað, skal miða við vigt. Rækjuafli skal ekki hafa áhrif á útreikning meðafla í botnfisktegundum.
2. Meðafli í einu hali.
  - a) Ef hundraðshluti meðafla í einu hali hefur farið fram úr þeim mörkum sem sett eru í a- og b-lið 1. mgr. er skipinu skylt að hætta veiðum. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 10 sjómílna frá því svæði sem síðast var togað á. Ef meðafli í næsta hali er einnig yfir þessum mörkum skal skipið yfirgefa deilissvæðið og er óheimilt að koma aftur innan 60 klst.
  - b) Ef í rækjuveiðum verður meðafli allra botnfisktegunda, sem eru háðar kvóta á NAFO svæðinu, meiri í einu hali en 5% á deilissvæði 3M eða 2,5% af þunga á deilissvæði 3L, er skipinu skylt að hætta veiðum. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 10 sjómílna frá því svæði sem síðast var togað á. Ef meðafli í næsta hali er einnig yfir þessum mörkum skal skipið yfirgefa deilissvæðið og er óheimilt að koma aftur innan 60 klst.
  - c) Þegar hundraðshlutfall meðafla samkvæmt a- og b-lið er reiknað, skal miða við vigt.
3. Bein sókn í tegund og meðafli.
  - a) Skipstjóri skal ekki beina sókn í tegundir sem meðaflareglur gilda um. Talið er að veiðum hafi verið beint að tegund þegar sú tegund er stærsta hundraðshlutfall aflans í einu hali, miðað við vigt.
  - b) Þegar skip hefur yfirgefið svæði í 60 klst. skv. ákvæðum a- og b-liðar 2. mgr. má skipstjóri láta skip toga í hámark 3 klst. í tilraunaskyni. Verði meðafli í því togi stærstur hluti aflans, miðað við vigt, skal það ekki álitin bein sókn í tegund. Skipið skal hins vegar strax breyta um staðsetningu samkvæmt ákvæðum a- og b-liðar 2. mgr.

## 9. gr.

Skipstjóri sem stundar botnveiðar skal meta magn viðkvæmra vistkerfa (kórals og svampa) í togi og færa í afladagbók. Ef magn af mögulegu viðkvæmu vistkerfi er meira en 60 kg af lifandi kóral eða 600 kg af lifandi svampi í togi á svæði þar sem botnveiðar hafa verið stundaðar áður gildir eftirfarandi:

1. Skipstjóri skal tilkynna atvikið til fánaríkis og taka sýni.
2. Skipstjóra ber að hætta veiðum og færa veiðar í tveggja sjómílna fjarlægð frá þeim stað þar sem togi lauk.

Um botnveiðar á svæðum þar sem botnveiðar hafa ekki verið stundaðar áður er vísað til reglna NAFO um botnveiðar á nýjum svæðum.

Um lokuð svæði til verndar viðkvæmum vistkerfum er vísað til reglna NAFO um lokun svæða til verndar kóröllum og svömpum.

## 10. gr.

Við vinnslu skal allur afli veiddur á NAFO svæðinu auðkenndur með tegund, afurðaflokki, veiðissvæði og veiðidagsetningu. Um nánari tilhöfum og framkvæmd merkinga á umbúðum um afla sem veiddur er á NAFO svæðinu skal vísað til reglna NAFO.

## 11. gr.

Skylt er skipstjórum íslenskra skipa sem veiða á úthafinu, og heimild hafa til löndunar erlendis og ætla að landa afla eða afurðum í erlendri höfn að tilkynna þar til bæru yfirvaldi hafnríkis með minnst 3 virkra daga fyrirvara um komu sína til hafnar. Tilkynningar skulu sendar á eyðublöðum NAFO fyrir hafnríkiseftirlit (Port State Control Forms), PSC1 eða PSC2, eftir því sem við á sem fást á heimasíðu NAFO: [www.nafo.int](http://www.nafo.int).

## II. KAFLI

**Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni.**

## 12. gr.

Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni (deilisvæði 3M) eru ekki heimilar íslenskum skipum á árinu 2012.

## III. KAFLI

**Rækjuveiðar á deilisvæði 3L.**

## 13. gr.

Allar rækjuveiðar á deilisvæði 3L skulu fara fram á svæði sem er austan línu sem liggur milli eftirfarandi hnita:

1. 46°00'00"N / 47°49'00"V
2. 46°25'00"N / 47°27'00"V
3. 46°42'00"N / 47°25'00"V
4. 46°48'00"N / 47°25'50"V
5. 47°16'50"N / 47°43'50"V

Veiðar á svæðinu skulu fara fram á dýpi sem er meira en 200 metrar.

Veiðar á svæðinu eru aðeins heimilar þeim íslensku skipum sem hafa aflamark í rækju á svæðinu.

## 14. gr.

Á árinu 2012 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilisvæði 3L, sbr. 13. gr., heimilt að veiða rækju sem hér segir:

A	B	C
<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>
133	2	131

A. Leyfilegur heildarafli.

B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (1,33%).

C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

Þegar rækja veidd á deilisvæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal á árinu 2012 miðað við verðmætastuðulinn 0,69.

## 15. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með 2 mm þykkri stiku á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu. Gerð og búnaður veiðarfæra skal að öðru leyti vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett. Við rækjuveiðar er skylt að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

## 16. gr.

Skipstjóri skal tilkynna Eftirlitsstöðinni afla um borð áður en haldið er inn á deilisvæði 3L og einnig þegar það er yfirgefið. Slíkar tilkynningar skulu berast Eftirlitsstöðinni klukkustund áður en skip fer inn á eða yfirgefur deilisvæði 3L. Skipstjóri skal gefa upp afla um borð, frá því síðast var tilkynnt um afla, eftir deilisvæðum og tegundum í hundruðum kílóa auk sundurliðaðs heildaraflla frá upphafi veiða á NAFO svæðinu. Slík tilkynning skal nefnd COB. Um innihald skeyta sem fjallað er um í þessari mgr. er vísað til reglna sem NAFO setur.

Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

## 17. gr.

Við ákvörðun aflamagns af rækju, sem veidd er á Flæmingjagrunni skal meðalþyngd úrtaka ásamt fjölda eininga lögð til grundvallar ákvörðunar til aflamarks. Skal fjöldi eininga í úrtaki vera samtals 20 af fjölda unninna eininga hverrar afurðar sem unnin er á sólarhring en þó þarf fjöldi eininga í úrtaki aldrei að vera meiri en 5% af fjölda eininga í hverri afurð á sólarhring.

Við vigtun á forsoðinni rækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða frá vigtuðu magni.

Við vigtun á hrárækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða auk 10% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Við vigtun á iðnaðarrækju sem lausfryst er í pokum eða fryst í blokkir, er heimilt að draga þunga umbúða auk 9% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Í veiðidagbók skal daglega skrá heildarmagn hverrar afurðar að frádregnum þunga umbúða og vatns. Þegar að lokinni veiðiferð og vigtun aflans skal senda Eftirlitsstöðinni upplýsingar um aflamagn í veiðiferðinni á því formi sem Fiskistofa leggur til. Útreikningum og öllum öðrum gögnum sem notuð eru til að ákvarða aflamagnið skal haldið til haga og afhent Fiskistofu óski hún eftir gögnunum.

Landi fiskiskip eigin afla á Íslandi skal hann endanlega veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla. Sé rækjuafli fluttur til vinnslu á Íslandi með flutningaskipi eða öðrum hætti skal hann á sama hátt endurvigtaður á ákvörðunarstað og Fiskistofu sendar endurvigtunarnótur strax að vigtun lokinni.

## 18. gr.

Rækjusýni skulu tekin úr afla og skal Hafrannsóknastofnunin segja til um magn sýnanna og hversu oft þau skuli tekin. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík að lokinni veiðiferð.

## IV. KAFLI

**Karfaveiðar á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K.**

## 19. gr.

Úthafskarfaveiðar á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K eru ekki heimilar íslenskum skipum árið 2012.

**Ýmis ákvæði.**

## 20. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

## 21. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 485 frá 28. apríl 2011 um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. janúar 2012.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján Freyr Helgason.*